

1869.

3. septbr.

sýslunni, þá má fá kornmat úr hinum sýslunum. Að öðru leyti verður stjórnarráðið að vísa yður á, að gjöra ráðstafanir þær, sem rædt er um í bréfi dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., ef þess gjörist þörf. Að endingu eruð þér beðnir að hlutast til um, að rannsókn fari fram útaf því, að menn hafa dáðið úr hungri, eins og þér hafið getið um í bréfi yðar, og, ef þörf gjörist, að láta höfða mál á móti hlutaðeigandi fátækrastrjórum, og vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um, hvað gjört verður í þessu efni.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, um ávaxtan ómyndugra fjár í sparisjóðum. 14. septbr.

Í bréfi dagsettu 5. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að Ole Smith, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, hafi spurt um sem forseti forstöðunefndarinnar fyrir sparisjóð þeim, sem hann hefir stofnað fyrir Múlasýslurnar, sumpart með sjálfs síns fjármunum, sumpart með samskotum einstakra manna, hvort amtinu virðist ekki vera tilefni til að mæla fyrir við fjárhaldsmenn ómyndugra um, að, þegar ekki fæst veð fyrir ómyndugra fè, sem er minna að upphæð en 50 rd. og 100 rd., þá skuli ávaxta það í sparisjóðnum, ef þess þarf ekki undir eins með, hlutaðeigendum til framfæris. Hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort ekki megi láta það vera komið undir fjárhaldsmönnum sjálfum, hvort þeir kjósi heldur að ávaxta fè, er nemur að eins 50 rd. til 100 rd., í tæðum sparisjóði, og sé þeir í fullri ábyrgð á því eins og lög ákveða, eða lána það gegn veði í lausafè.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að gagnvart ákvörðunum í tilskipun 18. febrúarmán. 1847 og opnu bréfi 4. júnímán. 1864 verður fjárhaldsmönnum ekki án nýrrar lagasetningar veitt heimild til þess, sem hér ræðir um.